

JÓRI

Aðalsteinn Ingólfsson

HORSES IN ICELANDIC ART

JÓR!



Johann Briem

JÓR!

HESTAR Í ÍSLENSKRI MYNDLIST

Aðalsteinn Ingólfsson



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARRVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN

JÓRI – Hestar í íslenskrí myndlist

Bókaútgáfan Opna og Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík 2011

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Bókin er gefin út í tilefni sýningarinnar JÓRI Hestar í íslenskrí myndlist,
Kjarvalsstöðum 7. maí 2011 til 4. september 2011


© Texti: Aðalsteinn Ingólfsson

© Myndlistarverk: sjá skrá yfir listamenn og eigendur bls. 106

Myndgrunnur undir bókartitli: Þuríður Sigurðardóttir, sjá bls. 73

Myndir á kápu: sjá Myndaskrá bls. 106

Hönnun og umbrot: Anna C. Leplar

Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja 

ISBN 978-9935-10-043-6

opna.is - listasafn.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR eftir Hafþór Yngvason	6
DRÓTT OG DRÖSULL	9
Hún var kölluð Fluga.....	12
Ferfættir dýrgripir.....	18
Keyrir hófa kynjastór.....	20
Spegilmyndir hestsins.....	23
ÞARFASTI ÞJÓNNINN.....	31
Afbygging sumalandsins	43
Heiftaræði hestsins	47
HOLDGAÐUR STORMUR	55
HESTAR MEÐ VÆNGI.....	75
Kynjadýr.....	77
Myndaskrá	107
Heimildir	111

Formáli

Elsta stytta af hesti sem kunnugt er um er á að giska 30 þúsund ára gömul. Lófa-stór stytta fannst í helli í SV-Þýskalandi og er fagurlega tálguð úr mammútstönn. Þokkafullar bogadregnar línurnar vitna um ást og aðdáun á viðfangsefninu líkt og svo margar aðrar hrossamyndir í aldanna rás. Hvort sem hestarnir eru sýndir í orrustum, veðreiðum, á veiðum eða spenntir fyrir vagna, má greina sömu hrifninguna á afli, styrk og úthaldi. Jafnframt er táp þeirra og stórfenglegur hraði tignaður í myndum, bæði vegna þess hvernig hesturinn brýtur múra sem mannskepnunni eru ókleifir en líka vegna eigin verðleika.

Á þriðja áratug 19. aldar vann franskur málari Théodore Géricault frægar myndir sem sýna hesta á fljúgandi stökki þar sem hófar snerta hvergi jörð. Listfræðingurinn Walter Friedlander hefur kallað þetta „klófestingu hins fljótandi og fljúgandi ... myndbirtingu augnabliksins“. Ítölsku fútúristarnir í upphafi 20. aldar litu einnig á hestinn sem tákn hraða og atorku, sem þeir tjáðu með kraftmiklum kúbískum formum. Í stefnuýfirlýsingu frá 1910 kunngjörði Umberto Boccioni að: „Allt hreyfðist, allt hlypi og allt snerist á ógnarhraða. Myndefni er aldrei niðurnjörvað ... hlutir á hreyfingu margfaldast og afskræmast, fylgja hverjir öðrum líkt og bylgjur í rýminu sem þeir fara um. Hestur á harðastökki hefur því ekki einungis fjóra fætur, heldur tuttugu, sem hreyfast í þríhyrindum ferli.“

Það blasir þó gerólík mynd við þeim sem skoða málverkin og skúlptúrana í verkefninu JÓR! Hvort sem viðfangið er vinnuklár eða gæðingur eru íslenskir hestar ævinlega sýndir sem sjálfstæðar einstaklingar, traustir og skýrt dregnir, einnig

þegar þeir eru á hlaupum. Þetta snýst vitaskuld um listrænan áhuga og val á stíl, en á sér líka skýringu í eðli viðfangsins. Þetta eru raunveruleg hross sem listamennirnir þekkja. Þau eru sterkbyggð, þróttmikil og þolgóð, en á sama tíma vinaleg og yfirveguð. Listamennirnir dást að verðleikum og þeirra trygglyndi.

Starfsömum einstaklingum eru iðulega líkt við vinnuhesta, enda iðnir og fylgnir sér eins og hrossin. Gary Cooper lék kúreka í vestra um miðja síðustu öld. Sá sneri líkingunni við og sagði "vinnuhesta vera gott fólk". Þetta viðhorf virðist speglast í mörgum myndum á sýningunni JÓR! Þær sýna einstaka persónuleika, markaða reynslu og með margháttaða skaphöfn. Hér er ekki að finna myndlýsingu augnabliksins, heldur verið að sýna varanlegar samvistir.

Sýningarstjórinn, Aðalsteinn Ingólfsson, sækir myndverk og höggmyndir af mismunandi tímabilum í íslenskrri myndlistarsögu á þessa sýningu að Kjarvalsstöðum. Markmiðið er tvíþætt: Sýningin kannar þau margvíslegu hlutverk sem íslenski hesturinn hefur gegnt í margháttuðum þjóðfélagsbreytingum síðustu 100 ára, eða svo. En jafnframt spanna verkin á sýningunni nánast alla sögu og þróun íslenskrar myndlistar á þessum sama tíma, með margvíslegum stefnum. Ég færi Aðalsteini þakkir fyrir rannsóknarvinnu hans og fræðandi umfjöllun í þessari bók. Jafnframt þakka ég útgefendunum, Sigurði Svavarssyni og Guðrúnu Magnúsdóttur hjá Opnu, fyrir gefandi samstarf. Þessi bók er sú fjórða sem Opna og Listasafn Reykjavíkur gefa út í sameiningu. Að lokum færi ég eigendum myndverka á sýningunni kærar þakkir fyrir ómetanlega hjálp.

Hafþór Yngvason

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Hún er meira en meðalhá, grannbyggð, reist og hlaupaleg, enda fljót í ferðum, þegar hún fer á milli þeirra staða, sem hún hefur valið sér til afnota. Þar sem einkum er sérkennilegt við útlit hennar, er háralagið. Allur búkur og limir niður að hnjám er þyrilhrokkið, líkt og háralag á nýbornu lambi. Ekki ber hún fax né ennistopp, svo að teljandi sé. Taglið er einnig rýrt, en sérkennilega hátt borið. Undirbyggingin að aftan er í fullu samræmi við frampartinn. Afturfætturnir stuttir að hækli, en lærið langt, kjúkur frekar stuttar með mjúkum beygjum. Hófarnir vel skapaðir og gallalausir.

LITIR: ÍSLENSKUR PANTONE 202 ÍSLENSKUR PANTONE 453

Birgir Andrésón
Hestaportrett I, 2004
50 x 70 cm

DRÓTT OG DRÖSULL

Frá landnámi á níundu öld hefur hesturinn verið þátttakandi í lífi íslensku þjóðarinnar. Með henni barðist hann „í þrengstu og óblíðustu kjörum, þegar allt líf í landi hékk á sömu horriminni“, svo vitnað sé í andríka hugleiðingu Andrésar Björnssonar í bók um hestamyndir Halldórs Péturssonar.¹ Hesturinn naut einnig ávaxtanna af batnandi hag þjóðarinnar; losnaði þá undan því oki sem fylgdi margra alda kotbúskap í veglausu landi og varð sá „hagaljómi“ og keppnishestur sem við þekkjum í dag. Að sönnu höfðu forfeður okkar aðrar hugmyndir um aðbúnað dýra en nútímamenn; allt fram á 20. öld tíðkaðist að láta stóðið bjarga sér sjálft yfir vetrartímann, nema hvað helstu reiðhestar voru hafðir á gjöf. Valt því á árferði hvort hross lifðu af veturinn. Líta má á þessa tilhögun sem raunsæi fremur en harðneskju: náttúruval valdi úr þau hross sem þoldu best kulda og vosbúð, auk þess sem við vitum að fram eftir öldum voru vetur mildari en við áttum síðar að venjast. Marktækari vitnisburð um þýðingu hestsins fyrir Íslendinga til forna er hins vegar að finna í rituðu máli og myndum frá og með 12. öld. Mesta lagasafn norrænna manna frá miðöldum er Grágás, rituð á fyrri hluta 12. aldar, en þar er fjöldi lagagreina sem varða hross og hestahald yfirleitt. Sá lagabókstafur leikur síðan stórt hlutverk í mörgum helstu fornsögum okkar. Í Grágás er meðal annars að finna nákvæma útlitun á verðmæti hrossa:

„Tvo hross tvævetur, hestur og meri, eru metin til jafns við kú. Þrjú veturgömul hross, þar með einn hestur, eru einnig metin til jafns við kú“, og svo framvegis. Hins vegar átti þetta ekki við um bestu hestana, þeir voru metnir hverju sinni: „Stóðhestur, og sé verði betri sakir vígs, og geldur hestur, og sé verði betri fyrir reiðar sakir, og fylmer í stóði, það er metfé.“



Ásgrímur Jónsson
Gunnar og Kolskeggur, 1915–20
90 x 105 cm

Síðan tilgreinir Grágás alls kyns viðurlög við því að taka hesta ófrjálsri hendi. Meira að segja urðu menn að greiða sekt fyrir það eitt að fara á bak hesti án þess að spyrja eiganda. Viðurlög þyngdust eftir því sem riðið var lengra: „Þrjár hrossreiðir eru þær er skóggang varða. Ein er ef maður ríður svo að þrír bæir eru á aðra hönd, og ríði hann um þá. Önnur er ef maður ríður um fjöll þau er vatnsföll deilir af á meðal héraða. Þriðja ef maður ríður á milli landsfjórðunga.“ Síðan voru þeir sem höfðu góðhesta sína í svo miklum hávegum að þeir hétu dauða hverjum þeim sem kæmu á bak þeim; af einni slíkri heitstrengingu spratt fræg saga af hestinum Freyfaxa, miklum örlagavaldi í lífi manna í Hrafnkels sögu Freysgoða.



Helgi Gislason
Kengála 1974–2011
50 x 45 x 15 cm

Hestamaður, hluti „Riddarateppis“
sjá bls. 17



HÚN VAR KÖLLUÐ FLUGA

Í Landnámabók er að finna tvær merkar frásagnir af hestum, öllu skáldlegri en flest annað sem þar er að finna. Í annarri þeirra, sögunni af hryssunni Flugu og stóðhestinum Freyfaxa, eru hross nafngreind í fyrsta sinn í íslenskum heimildum. Þar segir:

Í þann tíma kom út skip í Kolbeinsárósi, hlaðið kvikfé, en þeim hvarf í Brimnesskógum unghryssi eitt; en Þórir dúfunef keypti vonina og fann

síðan; það var allra hrossa skjótast og kölluð Fluga. Örn hét maður; hann fór landshorna í millum og var fjölkunnugur; hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suður um Kjöl, og veðjaði við Þóri, hvors þeirra hross mundi skjótara, því að hann hafði allgóðan hest, og lagði hvor þeirra við hundrað silfurs. Þeir riðu báðir suður um Kjöl, þar til er þeir komu á skeið það, er síðan er kallað Dúfunefsskeið; en eigi varð minni skjótleiksmundur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði.

Fluga bar sem sagt hærri hlut, en Örn tók ósigri og fémissi svo illa að hann „vildi eigi lifa og fór upp undir fjallið, er nú heitir Arnarfell, og týndi sér þar sjálfur, en Fluga stóð þar eftir, því að hún var mjög móð.“ En sagan er ekki á enda, því Þórir dúfunef skilur Flugu eftir á Kili, þar sem hann taldi sig hafa gengið of nærri hryssunni á þeysireiðinni. Á leiðinni til baka frá Þingvöllum rekst Þórir aftur á Flugu sína, en þá er með henni grár hestur föxóttur, líklega keppinautur hennar sem Örn hafði riðið og var hún fylfull eftir hann. Um framhaldið segir Landnáma: „Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er utan var færður og varð sjö manna bani við Mjörs á einum degi, og lést hann þar sjálfur.“ Samkvæmt sömu bók týndist Fluga að lokum í feni við bæinn Flugumýri í Skagafirði, þar sem enn má finna Flugufen.



Maður á hestbaki, tréskurður á treflastokki, frá seinni hluta 17. aldar



Reiðmaður á stól
úr Draflastaðakirkju frá 16 öld

Fyrir utan þessa afreks- og örlagasögu af „alvöru“ hesti varðveitir Landnáma einnig fyrstu frásögn sem við þekkjum af þeim goðsagnakenndu hrossum sem orðið hafa fyrirferðarmest í íslenskri myndlist:

Auðun stoti, son Vála ins sterka, nam Hraunsfjörð allan fyrir ofan Hraun á milli Svínavatns og Tröllaháls. Hann bjó í Hraunfirði og var mikill fyrir sér og sterkur. Auðun átti Mýrúnu, dóttur Maddaðar Írakonungs. Auðun sá um haust, að hestur apalgrár rann ofan frá Hjarðarvatni og til stóðhrossa hans; sá hafði undir stóðhestinn. Þá fór Auðun til og tók inn gráa hestinn og setti fyrir tveggja öxna sleða og ók saman alla töðu sína. Hesturinn var góður meðfarar um miðdegið, en er á leið, steig hann í völlinn til hófskeggja, en eftir sólarfall sleit hann allan reiðing og hljóp til vatnsins. Hann sást aldrei síðan.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hlutverk hestsins í heiðnum sið. Óðinn, æðstur goða, ríður gandinum Sleipni áttfættum yfir láð og lög. Þar fyrir utan virðist Óðinn stundum bregða sér í hests líki, ef marka má nöfnin sem hann tekur sér þegar hann er í ham, nöfn á borð við Jálk og Vak. Í Snorra-Eddu, nánar tiltekið í Gylfaginningu, sem talin er rituð um 1220, er sagt frá samskiptum goðanna við smið nokkurn er reisti goðum borg. Hestur smiðsins hét Svaðilfari og var sagður afbragð annarra hesta. Svaðilfari hleypur á eftir hryssu til skógar og kom Sleipnir undir við það tækifæri. Hins vegar virðist Loki Laufeyjarson hinn lævísí hafa haft einhver áhrif á útlit Sleipnis, því í niðurlagi sögunnar stendur: „En Loki hafði þá ferð haft til Svaðilfara, að nokkru síðar bar hann fyl, það var grátt og hafði átta fætur, og er sá hestur beztur með goðum og mönnum.“

Fleiri goð en Óðinn áttu glæsilega hesta, þótt ekki væru þeir áttfættir. Í Grímnismálum eru þessir tilgreindir:

Glaður og Gyllir
Glær og Skeiðbrimir,
Silfrintoppur og Sinir,
Gísl og Falhófnir,
Gulltoppur og Léttfeti,
þeim riða æsir jóm
dag hvern,
er þeir dæma fara
að aski Yggdrasils.

Gulltopp átti Heimdallur, sonur Óðins, en ein af ásynjum Friggjar, konu Óðins, reið hesti með því tilkomumikla nafni Hófvarpnir. Í fornum dróttkvæðum eru ýmis heiti og kenningar einnig hafðar um hestinn. Í Vafþrúðnismálum segir:

Skinfaxi heitir,
er inn skíra dregur
dag of dróttmögu,
hesta beztur
þykir hann með Hreiðgotum,
ey lýsir mön af mari.

Ennfremur:


Hrímfaxi heitir,
er hverja dregur
nótt og nýt regin,
mældropa fellir
morgin hverjan,
þaðan kemur dög of dala.

Heiðnir forfeður okkar tóku síðan með sér í gröfina bestu hesta sína, til að ríða þeim til Valhalla, „svo nokkur bragur mætti vera yfir hinztu ferð þeirra“, svo aftur sé vitnað í Andrés Björnsson. Í Helga kviðu Hundingsbana II segir hetjan:

Mál er mér að ríða
roðnar brautir,
láta fölván jó
flugstíg troða;
skal ég fyr vestan
vindhjálms brúar,
áður Salgófnir
sigurþjóð vekí.

Allar götur síðan hafa föllir eða fölbleikir hestar verið tákn dauðans í draumsýnum manna. Í Njáls sögu er mögnuð lýsing á flengriðandi feigðarboða:

Hildiglúmur ... gekk út dróttinsnótt, þá er tólf vikur voru til vetrar. Hann heyrði brest mikinn, og þótti honum skjálfa bæði jörð og himinn. Síðan leit hann í vesturættina, og þóttist hann sjá hring og eldslit á og í hringinum mann á grám hesti. Hann bar skjótt yfir, og fór hann hart; hann hafði log-



„Riddarateppið“, krosssaumsábreiða frá því um 1700.
Munstur og myndbygging styðst við fyrirmyndir frá miðöldum



HORSES IN ICELANDIC ART

Horses have been a popular theme for artists from time immemorial. The oldest known statuette of a horse is the size of a hand and was carved from a mammoth's tooth roughly 30,000 years ago. People have long been fascinated by the will and spirit of horses, while at the same time these animals have gained a symbolic value and taken on forms relating to the gods.

In Iceland, artists have usually regarded the horse from a personal viewpoint. Icelandic horses are frequently seen as independent individuals, trustworthy and tenacious, clearly defined. These horses are often real horses that the artists know, and the images of them depict unique personalities with a variety of moods. But horses also have a symbolic meaning reaching back to Greek and Norse mythology, and to the world of the Icelandic sagas, and in the mind of the artist they can become strange and mysterious equine creatures.

Aðalsteinn Ingólfsson has a twofold aim with the exhibition "JÓR" and this accompanying book. First is to gain an impression of the many and varied roles that the horse has played in our rapidly changing society over the last hundred years or so. Second, since the works included span almost the entire history and evolution of Icelandic art over this same period, we should be able to take a glimpse into a fascinating new world.

ISBN: 978-9935-10-044-3



9 789935 100443



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTABIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSÁFN